

Jóns Magnússonar á Kúludalsá, að greiða skaðabætur fyrir þá 4 sauði, út af hverjum mál þetta er risið, eptir mati tveggja óvilhallra af rjettinum útnefndra manna, er ei má fara fram yfir 64 krónur. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá hans löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Nr. 16/1877. Hreppsnefnd Þorkelshólshrepps  
 gegn  
 hreppsnefnd Ásshrepps.

Dómur.

Haustið 1859 lánaði stjórnin Húnavatnssýslu 800 tunnur af kornvöru til að af stýra hallæri, er óttast var fyrir að upp á mundi koma sökum þess, hve litlar vörubýrgðir þá voru fyrir á verzlunarstöðunum þar í sýslu, og skyldi borga flutningsgjald, ábyrgðargjald og fl. fyrir kornvörurnar, áður en skipið, sem flutti þær, færi aptur. Á sýslufundi á Hólanesi 11. októberm. s. á. var þessum kornvörum skipt niður milli hreppa sýslunnar; var þá Þorkelshólshreppi úthlutað 80 tunnum, og flutningsgjaldið m. m. undir þær, 213 rd. 22 sk., greitt þá þegar með 5 rd. 22 sk. í peningum, og með tveim skuldabréfum, sem Ásshreppur átti og lánaði Þorkelshólshreppi, að upphæð 100 rd. hvort, auk áfallinna eins árs rentna, samtals 208 rd. Af reikningum yfir tekjur og gjöld Ásshrepps, sem fram hafa verið lagðir í málinu, sjest, að í fardögum 1860 er talið meðal eptirstöðva: skuld frá Þorkelshólshreppi, að upphæð 208 rd.; að skuldin í fardögum 1861 að eins er talin 69 rd. 88 sk.; að á fardagaárinu 1861—62 er borgað upp í skuldina 49 rd. 64 sk., og á fardagaárinu 1863—

64 20 rd. 16 sk., og að skuldin eptir það að eins er talin 8 sk., sem þó seinna hefur verið hætt að telja meðal eptirstöðva í sveitarreikningunum. Eptir þessu litur svo út, sem Ásshreppur hafi fengið alla skuldina, sem reis af ofanefndu láni til Þorkelshólshrepps, borgaða, en hreppsnefndin í Ásshreppi kannast þó ekki við, að frá Þorkelshólshreppi hafi verið borgað upp í hana nema 69 rd. 80 sk., heldur skýrir hún svo frá, að Friðrik bóndi Skram á Kornsa, sem var hreppstjóri í Ásshreppi árin 1858 til 1861, hafi fardagaárið 1860—61 lagt út í hreppsins þarfir úr sínum sjóði 138 rd. 8 sk., og látið það heita svo í sveitarreikningnum fyrir það ár, sem þessi upphæð væri lögð út af skuld Þorkelshólshrepps, og hafi nefndur Friðrik Skram þannig eignast 138 rd. 8 sk. af opt nefndri skuld hjá Þorkelshólshreppi með sama rjetti, og Ásshreppur áður hafði átt hana; það hafi síðan dregizt fyrir Skram að krefjast skuldarinnar frá Þorkelshólshreppi, nema hvað hann árið 1868 hafi minnzt á hana við hreppstjóran, sem þar var þá, og sem hafi haft góð orð um að borga eitthvað upp í hana, en án þess þó að nokkuð yrði úr því. Þegar Skram svo var orðinn vonardaufur um að fá skuld þá borgaða, er hann þóttist eiga hjá Þorkelshólshreppi, gaf hann Ásshreppi hana árið 1871, og sumarið 1875 höfðaði hreppsnefnd Ásshrepps, að fenginni gjafsókn, mál gegn hreppsnefnd Þorkelshólshrepps til borgunar á skuld þeirri, er hún þannig taldi sig eiga hjá sveitarsjóði síðar nefnds hrepps út af láninu 1859, og átti sú skuld þá að vera orðin með rentum og renturentum 532 kr. 35 a. Fjell dómur í því máli fyrir aukarjetti Húnavatnssýslu 19. okóbermán. 1876, með þeim úrslitum, að hreppsnefndin í Þorkelshólshreppi ætti vegna sveitarsjóðs tjeðs hrepps, að borga til fátækra sjóðs Ásshrepps 138 rd. 16 sk., eða 276 kr. 33 a., með 4% vöxt-

um frá sáttakærudegi 4. maí 1875, en að öðru leyti vera sýkn af öllum kröfum í málinu; málskostnaður skyldi falla niður og málsfærslulaun hins skipaða málsfærslumanns Ásshrepps, B. G. Blöndals dannebrogs-manns, 20 kr. borgast úr opinberum sjóði. Þessum dómi hefur hreppsnefnd Þorkelshólshrepps áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 18. apríl þ. á., og krafizt, að verða dæmd sýkn af kröfum Ásshrepps í máli þessu, og að sveitarsjóður nefnds hrepps sje skyldaður til að endurgjalda Þorkelshólshreppi málskostnað skaðlaust, eða með einhverju nægilegu; aptur á móti hefur hinn stefndi krafizt, að dómur undirjettarins verði staðfestur, að því viðbættu, að sjer verði dæmdur málskostnaður frá áfrýjandanum fyrir báðum rjettum, eins og málið ekki hefði verið gjafsóknarmál.

Þar sem áfrýjandinn sjer í lagi hefur byggt kröfur sínar um, að verða dæmdur sýkn í máli þessu, á því, að lán það, sem Ásshreppur veitti Þorkelshólshreppi árið 1859, til að borga með flutningsgjald o. fl. undir korn það, er síðarnefndum hrepp var úthlutað, hafi eins og kornið verið lánað, ekki sveitarsjóðnum eða hreppnum, sem sveitarfjelagi, heldur hinum einstöku hreppsþúum, sem kornið var útbýtt, þá getur yfirdómurinn ekki fallizt á þessa skoðun, en verður að vera á sama máli og undirdómarinn um það, að þar sem hjer er um lán úr opinberum sjóði að ræða, sem veitt er, ekki einstökum mönnum, heldur heilli sýslu sem fjelagi, í þeim tilgangi, að því sje aptur útbýtt meðal hreppanna í sýslunni, þeirra, er lánsins þurftu með, þá hljóti hver hreppur, sem hlutdeild hefur fengið í láninu, í einni heild eða sem eitt fjelag að standa í ábyrgð fyrir því, að lánið sje borgað í ákveðinn tíma, og þannig, að lánveitandi alls ekki eigi við hina einstöku hreppsþúa, sem lánsins urðu aðnjót-

andi, heldur við hreppinn, sem fjelag, um borgun lánsins; en það, sem hjer er sagt um borgunina fyrir sjálft kornið, virðist eiga allt eins við um borgunina á láni því, sem veitt hefur verið til að borga flutningsgjald undir það. En eins og þetta mál er vaxið, er það ekki beinlínis risið út af borgun á láni því, sem Ásshreppur veitti Þorkelshólshreppi haustið 1859, með því að sveitarreikningar Ásshrepps, eins og að framan er sagt, bera með sjer, að Ásshreppur fyrir löngu hefur fengið fullnustu fyrir því láni, heldur er það höfðað til borgunar á skuld, er einstakur maður, Friðrik bóndi Skram á Kornsa, telur sig eiga hjá Þorkelshólshreppi og hefur gefið Ásshreppi, af því hann sjálfur ekki hafði von um, að fá hana borgaða. Þessi skuld á aptur að vera risin út af því, að nefndur bóndi hafi, sem hreppstjóri í Ásshreppi, lagt út fje úr sínum eigin sjóði, til að borga hreppi sínum part af skuld Þorkelshólshrepps til hans, og þannig lagt út fje fyrir Þorkelshólshrepp, er hann eigi að fá endurgoldið hjá nýnefndum hreppi. Það eru ekki komin fram nein rök fyrir því, að sveitarstjórnin í Þorkelshólshreppi hafi beðið Friðrik Skram um, eða gefið honum neitt tilefni til, að borga fyrir hönd nefnds hrepps neitt upp í skuld hans til Ásshrepps, nje heldur á hinn bóginn nein sönnun fyrir, að sveitarstjórn Ásshrepps hafi afsalað honum þessum hluta úr kröfu sinni til Þorkelshólshrepps, hvað eð eigi heldur gat vel átt sjer stað, þar sem Skram þá sjálfur var hreppstjóri í Ásshreppi, og því ekki gat gjört slikan samning fyrir hönd hreppsins við sjálfan sig. Skuldakrafa Skrams átti því að grundvallast á því, að hann hafi, sem óbeðinn umboðsmaður (negotiorum gestor), lagt út fje í þarfir Þorkelshólshrepps, er hann eigi að fá endurgoldið; en yfirdómurinn fær ekki sjeð, eptir þeim skýrslum, sem fram eru

komnar í málinu, sjer í lagi þegar haft er tillit til stöðu Skrams sem hreppstjóra í Ásshreppi, að skilyrðin fyrir því, að hann, sem óbeðinn umboðsmaður, gæti skuldbundið Þorkelshólshrepp á þennan hátt, hafi verið fyrir hendi. Það verður ekki einu sinni sjeð, að hann, sem hreppstjóri í Ásshreppi, hafi krafist Þorkelshólshrepp um þennan hluta skuldarinnar, áður en hann lagði hann út, og það er svo langt frá, að síðar nefndur hreppur hafi kannast við neina skuldbindingu af sinni hendi við Skram út af þessari fjárgreiðslu hans, að hreppurinn þvert á móti telur sig hafa átt um þær mundir, sumpart hjá Skram, sumpart hjá Ásshreppi, talsvert meira fje en það, sem Skram þykist hafa lagt út fyrir hann, án þess það fje síðar sje borgað.

Með því að yfirdómurinn þannig ekki getur álitist, að næg rök sjeu fram komin gegn neitun áfrýjandans fyrir því, að Friðrik Skram hafi átt lögmætt tilkall til að fá endurgoldna frá Þorkelshólshreppi fjárupphæð þá, 276 kr. 33 a., er hann þykist hafa lagt út fyrir nefndan hrepp, og síðar hefur afsalað Ásshreppi, þá ber að dæma áfrýjandann sýknað af kærum hins stefnda í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður. Málsfærslulaun hins skipaða talsmanns hins stefnda fyrir undirrjettinum, 20 kr., greiðist úr opinberum sjóði.

Flutningur málsins sem gjafsóknarmáls hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, hreppsnefnd Þorkelshólshrepps, á fyrir kærum og kröfum hins stefnda, hreppsnefndar Ásshrepps, í máli þessu sýkn að vera. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. Í málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hins stefnda,

dannebrogsmanns B. G. Blöndals, fyrir undirrettinum greiðist 20 kr. úr opinberum sjóði.

Nr. 23/1877: Jón landshöfðingjaritari Jónsson  
gegn

Einari prentara Þórðarsyni  
fyrir hönd landsprentsmiðjunnar.

Dómur.

Með því að áfrýjunarstefnan í máli þessu ekki ber með sjer, að hún sje birt hinum stefnda Einari prentara Þórðarsyni, og engin önnur sönnun er fram komin fyrir því, að hún sje löglega birt honum, nje heldur fyrir því, að hann hafi fallið frá birtingu stefnunnar, en hann hefur hvorki mætt nje mæta látið eptir henni hjer fyrir rjettinum, þá ber að vísa máli þessu frá yfirdóminum, og hlýtur málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu víasast frá yfirdóminum. Málskostnaðnr fyrir yfirdóminum falli niður.

Nr. 26/1877: Hið opinbera  
gegn

verzlunarstjóra V. Holm.

Dómur.

Mál þetta er risið út af því, að hinn kærði V. Holm, sem er verzlunarstjóri fyrir Sass & Sönnar á Ísafirði, hafi tekið niður auglýsingu frá lögreglustjóranum í tjeðum kaupstað, sem fest hafði verið upp í búð hans, um að bannað væri að taka krækling á hinum svo kallaða «Musling» þar á kaupstaðarlóðinni, nema með leyfi bæjarstjórnarinnar. Gekk dómur í þessu máli fyrir lögreglurjetti Ísafjarðarkaupstaðar 18. des. f. á.